

**132. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
5. nóvember 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Jón Brynjólfur Ólafsson verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1908198 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3A**

*Lögð fram drög að deiliskipulagsgögnum í Skógarhverfi 3A.*

**2. 1910179 - Fjöliðjan**

Hugmyndir um staðsetningu Fjöliðjunnar.

*Farið yfir framkomnar hugmyndir um staðsetningu á Fjöliðju. Fyrirliggjandi hugmyndir verða kynntar forsvarsmönnum Fjöliðjunnar.*

**3. 1910228 - Deiliskipulag Ægisbrautar - Ægisbraut 25 - umsókn um breytingu á deiliskipulagi**

Umsókn um að byggja við húsið þ.e. hækka þak á suð- vesturhlið hússins.

*Umsókn um breytingu á deiliskipulagi lögð fram. Málið tekið fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins.*

**4. 1905072 - Umferðaröryggisáætlun**

Farið yfir umferðaröryggisáætlun.

*Jón Ólafsson verkefnastjóri fór yfir hugmyndir að hámarkshraða bílaumferðar á götum Akraneskaupstaðar. Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og umhverfissviði að vinna málið áfram.*

**5. 1911011 - Höfðasel 16 - viðhaldsverkefni**

*Jón Ólafsson verkefnastjóri, fór yfir nauðsynleg viðhaldsverkefni í Höfðaseli 16. Skipulags- og umhverfisráð felst á að farið verði í aðgerðir er varða hlið inn á svæðið, hús við bílavigt, pressuhús, skjólveggi fyrir spilliefnagáma og aðgerðir er varða fráveitumál.*

**6. 1911027 - Götuheiti (staðföng)**

Ábending frá þjóðskrá um nafngiftir á nýjum götum á Akranesi.

Í kjölfar deiliskipulags á nýrri reiðskemmu er nauðsynlegt að gata frá þjóðvegi 51 inn í hestamannahverfið fái nafn þ.a. hægt sé að stofna lóð undir reiðskemmuna.

*Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi fór yfir reglur er varða götuheiti (staðföng). Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og umhverfissviði að koma með tillögu að því hvernig staðið skuli að nafngiftum á nýjum götum á Akranesi.*

*Ráðið leggur til að stjórn hestamannasfélagsins Dreyra komi með tillögu að nafngift á götu sem liggur frá þjóðvegi 51 inn í hestamannahverfið.*

*Nafngift verður síðan borin undir bæjarstjórn til endanlegrar staðfestingar.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15.

Ragnar Þórunnsson  
þáttur Jón. Jóhansleitir  
~~Ólafur H. Þórssen~~  
Sig. P. H.  
Stærð frá Skandor  
Hafðis Sigríðarsdótt.